

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. október 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreinda tillögu þar sem lagt er til að skipaður verði starfshópur til að móta stefnu um að skapa á Íslandi vistkerfi eins og best verður á kosið fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni ásamt því að verja réttindi netnotenda.

SA gera ekki athugasemdir við megininntak tillögunnar og telja markmið hennar góðra gjalda verð. Taka samtökin undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að hér á landi verði komið á aðlaðandi viðskiptaumhverfi svo fólk, fyrirtæki og fjárfestar staðsetji sig á Íslandi. Hinsvegar telja samtökin að til þess að það sé raunhæft þurfi að koma á stöðugu efnahagsumhverfi, tryggja hagkvæm rekstrarskilyrði fyrirtækja og aflétta gjaldeyrishöftum. Er réttilega bent á í greinagerð starfshóps iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagnýtingu internetsins í þágu nýsköpunar og atvinnuþróunar að alþjóðleg þekkingarfyrirtæki séu mjög hreyfanleg og er því grundvallarforsenda fyrir veru þeirra hér að starfsskilyrði séu sambærileg eða betri en í nágrannalöndunum. Eru því talsverðar líkur á að tillögur fjölmenns starfshóps með tilheyrandi kostnaði vegna vinnu innlendra og erlendra sérfræðinga muni ekki skila tilætluðum árangri nema hafist sé handa við að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja almennt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Bergþóra Halldórsdóttir